

1. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 7.6. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar nýkjörin sveitarstjórn: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason. Undir 2. lið var mættur Kristinn Bjarnason, lögfræðingur sveitarfélagsins.

Aldursforseti sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir setti fundinn, þakkaði fráfarandi sveitarstjórnarmönnum og nefndarmönnum fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins, bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Kosning oddvita og varaoddvita. Skýrsla kjörstjórnar kynnt.
2. Helstu verkefni framundan
3. Ráðning sveitarstjóra
4. Nefndarskipan
5. Umhverfisstyrkir 2022
6. Byggingarstjóri þjónustuhúss við Hengifoss
7. Erindi frá Hallormsstaðaskóla
8. Önnur mál:

1. Kosning oddvita og varaoddvita. Skýrsla kjörstjórnar kynnt.

Skýrsla kjörstjórnar lág fyrir og var kynnt fyrir sveitarstjórn. Að því loknu var gengið til kosninga um oddvita og varaoddvita

Oddviti

Jóhann F. Þórhallsson, 4 atkvæði

Lárus Heiðarsson, 1 atkvæði

Varaoddviti

Lárus Heiðarsson, 4 atkvæði

Kjartan Benediktsson, 1 atkvæði

Nýkjörinn oddviti þakkaði fyrir stuðninginn. Hann vildi þakka fráfarandi sveitarstjórnarmönnum og nefndarmönnum fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins. Að lokum hvatti hann sveitarstjórnar menn til að skrá sig í sveitarfélagaskólann hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

2. Helstu verkefni framundan.

Helgi fór yfir helstu verkefni framundan, sem eru að mestu áframhald á verkefnum síðasta kjörtímabils. Töluverðar umræður fóru fram um þau mörgu verkefni sem liggja fyrir.

3. Ráðning sveitarstjóra

Sveitarstjórn samþykkir að ráða Helga Gíslason sem sveitarstjóra til næstu 4 ára. Oddvita falið að útbúa drög að samningi fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

4. Nefndarskipan

Samþykkt að skipa Kjartan Benediktsson sem aðalmann í Almanna- og Almennanefnd og Helga Gíslason til vara og að skipa Helga Gíslason sem aðalmann í stjórn Ársala og til vara Jóhann F. Þórhallsson.

Samþykkt að fresta skipum í aðrar nefndir til næsta sveitarstjórnarfundar.

5. Umhverfisstyrkir 2022

Alls bárust inn 22 umsóknir um umhverfisstyrk sem liggja fyrir fundinum ásamt gögnum sem með fylgdu. 20 umsóknir voru metnar styrkhæfar samkvæmt reglum um Umhverfisstyrk Fljótshöfnshrepps. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 30.000.000 kr. í umhverfisstyrki. Heildarfjárhæð umsókna var töluvert yfir þeirri fjárhæð. Sveitarstjórn samþykkti að veita 20 umhverfisstyrki vegna ársins 2022, hver að hámarki fjárhæð 1.500.000 kr., svo sem nánar greinir í yfirliti sem liggur fyrir á fundinum.

6. Byggingarstjóri þjónustuhúss við Hengifoss

Sveinn Þórarinnsson hefur ákveðið að taka ekki að sér byggingastjórn vegna þjónustuhúss við Hengifoss.

Samþykkt samhljóða að ráða Jónas Hafþór Jónsson sem Byggingarstjóra.

7. Erindi frá Hallormsstaðaskóla

Jóhann vakti athygli þá vanhæfi sínu til umfjöllunar og afgreiðslu á þessu máli vegna skyldleika við Eysteinn Ara Bragason. Og vék hann því af fundi og varaoddviti tók við fundarstjórn.

Varðar leigu á Fjósakambi 8b. Málinu frestað til næsta fundar.

Jóhann kom aftur inn á fundinn og tók við fundarstjórn.

8. Önnur mál

Félag Skógarbænda sækir um styrk vegna Skógardagsins mikla sem haldinn verður í Hallormsstaðarskógi nú í júní að upphæð allt að 500.000 kr.

Samþykkt að styrkja Skógardaginn um krónur 100.000.

Oddviti vill vekja athygli sveitarstjórnarmanna að kynna sér eftirfarandi:

- Fjárhagáætlanir Fljótsdalshrepps 2022 og þriggja ára fjárhagsáætlanir 2023- 2025.
- Aðalskipulag Fljótsdalshrepps. 2014-2030
- Samþykktir Fljótsdalshrepps.
- Siðareglur kjörinna fulltrúa Fljótsdalshrepps.
- Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps.
- Innkaupareglur Fljótsdalshrepps.
- Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps 2018-2026.
- Innviðargreiningu Fljótsdalshrepps
- Fögur framtíð í Fljótsdal
- Aðrar óupptaldar samþykktir og gjaldskrár sveitarfélagsins sem eru að finna á heimasíðunni Fljotsdalur.is

Anna Jóna hvetur bændur til að lagfæra girðingar meðfram vegum.

Borist hefur erindi frá Hengifoss Guesthouse ehf. Þau óska eftir að fá að setja niður trambólín ásamt því að smíða skýli utan um ruslatunnur og að þökuleggja lítið svæði eftir að rafmagnshleðslustaurar voru settir niður þar í fyrra. Sveitarstjórn samþykkir að þetta verði gert enda beri rekstaraaðili Hengifoss guesthouse ehf. allan kostnað. Sveitarstjóra er falið koma þessu á framfæri við rekstraraðilana.

Fundi slitið klukkan 18:27
Lárus ritaði fundargerð í tölvu